

Starfshópur um endurskoðun kosningalaga
23. fundur þriðjudaginn 26. nóvember 2019 kl. 8.30
Nefndasvið Alþingis.

FUNDARGERÐ

Mætt: Bryndís Hlöðversdóttir (BH), Þórir Haraldsson (ÞH), Magnús Karel Hannesson (MKH), Þorvaldur Heiðar Þorsteinsson (ÞHP) og Indriði B. Ármannsson (IBÁ). Einnig sat fundinn Þórhallur Vilhjálmsson (ÞV) og Laufey Helga Guðmundsdóttir (LHG) sem jafnframt ritaði fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Samþykkt.

2. Fréttir af fundi með forseta Alþingis 18. nóvember 2019.

Starfshópurinn hefur fengið svigrúm til að skila frumvarpi síðar en erindisbréf hans kveður á um. Á fundinum var rætt um kosningastofnun og landskjörstjórn og fyrirkomulag stjórnsýslu kosninga. Einnig um flutning kosningalagafrumvarpsins og kosningarrétt Íslendinga sem búsettir eru erlendis.

3. Landskjörstjórn í stað Kosningastofnunar, sjálfstæð stjórnsýslunefnd í stað stofnunar.

Sjá breytingar á 14.-16. gr. frv. ásamt skýringum við þær greinar sem hefur verið breytt til samræmis við samræður í tölvupósti milli nefndarmanna. Almennar athugasemdir hafa einnig verið uppfærðar með tilliti til þess að landskjörstjórn verði sjálfstæð stjórnsýslunefnd með sérstaka skrifstofu.

Hingað til hefur enginn gert athugasemdir við að landskjörstjórn fari frá Alþingi til framkvæmdavaldsins. Athuga verður að ef landskjörstjórn væri stofnun undir Alþingi vaknar sú spurning hvernig fari með eftirlit þingsins gagnvart landskjörstjórn. Einnig verður að líta til þess að dómsmálaráðuneytið hefur séð um annan praktískan undirbúning alþingiskosninga fyrir utan það sem sérstaklega hefur verið falið landskjörstjórn.

Rætt um íbúakosningar sveitarfélaga en sveitarfélög hafa leitað til ráðuneytisins með leiðbeiningar vegna þeirra. Frumvarpið gildir um alþingiskosningar, sveitarstjórnarkosningar, forsetakjör og þjóðaratkvæðagreiðslur en ekki íbúakosningar. En í ljósi þess að sveitarstjórnarlög kveða á um að um íbúakosningar fari samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna (kosningalögum, verði frumvarpið samþykkt) er ekki úr vegi að landskjörstjórn veiti ráðgjöf um túlkun kosningalaga, eins og tók eru á, svo túlkun laganna verði á einum stað. Einnig verður tæpast hjá því

komist að úrskurðarnefnd kosningamála taki einnig kærur vegna íbúakosningar til meðferðar.

4. Breytt ákvæði um framkvæmd talningar.

Sjá 102. gr. frv. ásamt skýringum. Rætt um tillögu frumvarpsins um tvítalningu atkvæða og hvort þörf sé á að telja atkvæði aftur daginn eftir. Ákveðið að breyta ákvæði aftur til upprunalegs horfs um að talning atkvæða hefist svo fljótt sem verða má að loknum kjörfundi enda er gert ráð fyrir því í framkvæmd í dag að atkvæði séu tvíflokkuð og tvítalin.

5. Breytt ákvæði um forsetakjör – ábendingar Hæstaréttar.

Sjá breytingar á 23. gr., 125.-128. gr. og 134. gr. frv. ásamt skýringum. Ákvæðum hefur verið breytt í kjölfar ábendinga Hæstaréttar um að kosningaumsýsla samræmdist ekki hlutverki réttarins. Kosningaumsýsla forsetakjörs hefur því verið færð til landskjörstjórnar í frumvarpinu. Engar athugasemdir við þetta fyrirkomulag.

6. Aðgangur stjórnmalasamtaka að kjörskrá.

Svör nefndar um samningu heildarlaga um starfsemi stjórnmalasamtaka og umsögn Persónuverndar liggja fyrir. LHG fær athugasemdir frá nefndarmönnum.

7. Athugasemdir IBÁ við ákvæði um kostnað.

Frestað til næsta fundar.

8. Athugasemdir MKH við frumvarpið.

Frestað til næsta fundar.

9. Önnur mál.

Rætt um tengilið dómsmálaráðuneytis fyrir kostnaðarmat frumvarpsins.

Rætt um að funda með landskjörstjórn fljótlega.

Ákveða að ýta á eftir svörum frá nefnd um samningu heildarlagafrumvarps um starfsemi stjórnmalasamtaka um skráningu stjórnmalasamtaka og listabókstafi. Upplýsa einnig um breytt fyrirkomulag á stjórnsýslu kosninga.

Næsti fundur verður fimmtudaginn 28. nóvember 2019 kl. 8.30.

Fundi slitið kl. 10:10.